

Alþingi
Erindi nr. P 132/700
komudagur 18.1.2006

Dómarafélag Íslands
kt. 460985-0729
Dómhúsinu við Lækjartorg
Reykjavík

Reykjavík, 17. janúar 2006

Til Alþingis Íslendinga
Forseti Alþingis
Sólveig Pétursdóttir

Kjaradómur hefur allt frá því hann var stofnaður árið 1962 ákveðið laun dómara, fyrst hæstaréttardómara og síðan einnig héraðsdómara frá árinu 1984. Að baki þessu býr það sjónarmið að ekki er æskilegt að framkvæmdavaldið fjalli um eða ákveði laun dómara. Dómarar njóta sérstöðu sem einn af þremur handhöfum ríkisvalds og er sjálfstæði þeirra og staða tryggð með ákvæðum stjórnarskrár. Fyrir setningu laga um Kjaradóm sömdu dómarar um kjör sín. Að baki þeirri ákvörðun að taka sammingsrétt af dómurum og færa undir Kjaradóm voru þau rök að eðlilegt væri að fela óháðum úrskurðaraðila ákvörðun kjara þeirra. Á þeim tíma treystu dómarar því að störf þeirra yrðu metin að verðleikum af slíkum aðila og í ljósi stöðu dómsvaldsins sem einn þriggja valdhafa ríkisins.

Hinn 19. desember sl. ákvað Kjaradómur laun þeirra sem undir hann falla, þar með talið laun dómara. Var sú ákvörðun reist á ákvæðum laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd. Þessi ákvörðun Kjaradóms kallaði fram hörð viðbrögð í þjóðfélaginu, þar á meðal hjá aðilum vinnumarkaðarins. Þetta varð til þess að ríkisstjórnin boðaði að lagt yrði fyrir Alþingi frumvarp þar sem ákvörðun Kjaradóms yrði felld úr gildi.

Af þessu tilefni vill stjórn Dómarafélags Íslands minna á aðdraganda þess að dómarar voru færðir undir Kjaradóm. Verður í því sambandi að hafa sérstaklega í huga stöðu dómsvaldsins og sjálfstæði þess gagnvart öðrum þáttum ríkisvaldsins. Með hliðsjón af því er óeðlilegt að framkvæmdavaldið eða löggjafarvaldið hlutist til um breytingu á þeim kjörum sem dómurum hafa verið ákveðin lögum samkvæmt. Hljóta hér önnur sjónarmið að gilda um dómara en aðra þá sem falla undir Kjaradóm. Í þessu sambandi má vísa til athugasemda með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 120/1992 en þar er beinlínis vikið að þeirri sérstöðu sem dómarar hafa „umfram aðra ríkisstarfsmenn samkvæmt stjórnarskránni.“


Athygli er vakin á því að fyrirhuguð breyting til lækkunar á kjörum þeirra sem falla undir Kjaradóm beinist aðeins að fámennum hópi ríkisstarfsmanna. Leikur vafi á hvort slík ákvörðun stenst 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnræði.


Einnig skal áréttað að ákvörðun Kjaradóms frá 19. desember sl. hefur þegar tekið gildi. Löggjafinn hefur með setningu laga nr. 120/1992 fengið mönnum þann rétt til launa sem Kjaradómur ákveður og eru þau laun með því orðin eign þeirra og verður þeim ekki breytt vegna þeirrar verndar sem eignarréttur nýtur samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar.


Með bréfi dagsettu 11. þessa mánaðar beindi stjórn Dómarafélags Íslands samhljóða erindi til forsætisráðherra. Í því bréfi var þess einnig farið á leit að ekki yrði lagt til við Alþingi að breyting yrði gerð á þeim kjörum sem dómurum hafa verið ákveðin af Kjaradómi. Kæmi hins vegar til þess að Alþingi samþykki breytingar í þá veru kynni félagið að telja sig knúið til að láta reyna á hvort þær væru samrýmanlegar stjórnarskránni.


Dómurum er óljúft að karpa um kjör sín við hliðsetta handhafa ríkisvaldsins, en telja algjörlega óásættanlegt að aðrir en lögskipaðir aðilar, í þessu tilviki Kjaradómur, hafi afskipti af launum þeirra. Slík afskipti eru í vissum skilningi aðför að sjálfstæði dómsvaldsins. Til að gera nánari grein fyrir sjónarmiðum Dómarafélagsins er þess farið á leit að fulltrúum þess verði gefinn kostur á mæta á fund þeirrar þingnefndar sem fær málið til afgreiðslu.


Stjórn Dómarafélags Íslands


Hjördís Hákonardóttir, formaður


Arngrímur Ísberg, varaformaður


Benedikt Bogason, ritari


Gréta Baldursdóttir, gjaldkeri


Ingibjörg Benediksdóttir, meðstjórnandi

Afrit sent:
Formönnum þingflokka
Allsherjarnefnd
Efnahags- og viðskiptanefnd

FFR FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

ÁLYKTUN STJÓRNAR FFR 18. janúar 2006

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA telur að frumvarp til breytinga á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, mál nr. 417, þingskj. 634, orki mjög tvímælis. Inngrip með þessum hætti inn í störf Kjaradóms og kjaranefndar og forsendur ákvarðana þeirra eru afar óheppilegar.

Um einstök atriði frumvarpsins þykir verða að gera athugasemdir við 2. mgr. 1. gr. þess. Gengur það orðalag gegn meginanda gildandi laga og eru í reynd grundvallarbreyting á eðli og fyrirkomulagi því sem Kjaradómi og kjaranefnd er ætlað að starfa eftir. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins kemur fram að Kjaradómi og kjaranefnd sé beinlínis bannað að taka tillit til launahækkana einstakra hópa eða launaskriðs sem verða kunni. Er þetta varhugavert og álitamál að fáist staðist, að laun þröngs hóps starfsmanna hins opinbera séu fryst með þessum hætti. Sérstaklega þykir þetta vera vafasamt í ljósi þess að það er tilgangur og eðli laganna um Kjaradóm og kjaranefnd að launaákvörðanir þeirra taki tillit til þróunar launa annarra hópa. Þá verður ekki annað ráðið með gagnályktun frá orðalagi frumvarpsins en að ætlast sé til að Kjaradómur og kjaranefnd líti framhjá þróun launa opinberra starfsmanna sem hefur verið megin viðmiðunarhópur Kjaradóms og kjaranefndar. Er það veruleg breyting frá gildandi lögum. Vekja má athygli á að framundan eru svokallaðir stofnanasamningar við opinbera starfsmenn þar sem þegar er búið að ákveða að laun hækki á bilinu 2,4% - 3,8% í maí 2006. Að þeim samningum loknum hefði mátt ætla að kjaranefnd og eftir atvikum Kjaradómur hefði tekið tillit til þessa við ákvörðun launa skjólstæðinga sinna síðar á þessu ári. Ef frumvarpið verður að lögum óbreytt mun óhjákvæmilega skapast óeðlilegt misræmi á milli launa forstöðumanna og annarra starfsmanna stofnana.

Þá verður að gera athugasemdir við einstök efnisatriði frumvarpsins og orðalag þess. Hugtakið „afmarkaðra hópa” er ekki skýrt og óljóst við hvað er átt og hverjar skuli vera forsendur Kjaradóms og kjaranefndar þegar þeir aðilar taka ákvörðun hvort og þá við hvaða kringumstæður, launabreytingar skulu verða. Bann við að taka tillit til launaskriðs er einnig alvarlega umhugsunarvert.

Þeim einstaklingum í þjónustu hins opinbera er gegna þeim störfum sem talin eru upp í lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, er með þeim lögum gert skylt að hlíta launaákvörðunum Kjaradóms og kjaranefndar og þannig sviptir samningsfrelsi um laun sín. Er því brýnt að launaákvörðanir séu byggðar á málefnalegum sjónarmiðum. Í gildandi lögum eru raktar þær aðferðir sem Kjaradómur og kjaranefnd ber að nota við launaákvörðanir og hvaða málefnalega sjónarmiða taka skuli tillit til. Í fyrirliggjandi frumvarpi er beinlínis gengið gegn megintilgangi gildandi laga og er frumvarpið þannig í mótsögn við eðli og inntak þeirra.

Sú gagnrýni sem verið hefur upp í þjóðfélaginu beinist ekki að ákvörðunum kjaranefndar heldur ákvörðunum Kjaradóms. Engir skjólstæðingar kjaranefndar eru þjóðkjörnir. Forstöðumenn ríkisstofnana eiga í reynd enga samleið með kjörnum fulltrúum sem taka

FFR FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

laun eftir ákvörðun Kjaradóms. T.d.njóta þeir fyrrnefndu mun lakari lífeyrisréttinda. Þykir skjóta skökku við að skjólstæðingar kjaranefndar séu látnir gjalda fyrrgreindrar gagnrýni. Engin rök eru fyrir því.

Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana telur varhugavert að fyrirliggjandi frumvarp verði samþykkt óbreytt og leggst gegn því. Verði frumvarpið að lögum skapast réttaróvissa svo og mörg lagaleg álitamál. Er lagt til að frumvarpinu verði breytt þannig að það nái aðeins til þjóðkjörinna fulltrúa þjóðarinnar. Að mati stjórnar FFR er þó lágmarksbreyting sú að taka fram í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins að Kjaradómi og kjaranefnd verði amk. heimilað að taka tillit til fyrirsjáanlegra launabreytinga opinberra starfsmanna í maí 2006. Það er t.d. unnt með því að fella niður síðari málsgrein 1. gr. frumvarpsins.

Reykjavík 18. janúar 2006

Í stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana:

Skúli Eggert Þórðarson
Sigríður Björk Guðjónsdóttir
Björn Karlsson
Snævar Guðmundsson
Margrét Hallgrímsdóttir
Óli H. Þórðarson
Sjöfn Sigurgísladóttir
Þorkell Helgason

Hr. Garðar Garðarsson
formaður Kjaradóms

Reykjavík, 7. júní 2004

Talnakönnun hefur að beiðni yðar metið áhrif laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara í desember 2003 á kjör þessara aðila. Sigurður Snævarr starfsmaður dómsins hafði samband við undirritaðan og í kjölfar þess áttum við fund í byrjun maí ásamt Vigfúsi Ásgeirssyni, sem vann einnig að verkefningu. Á fundinum var farið yfir helstu forsendur við útreikningana og stefnt að því að ljúka útreikningum í byrjun júní.

Verklag

Útreikningarnir sem gerðir voru eru tvíþættir. Annars vegar var sett upp töfluverk með mörgum dæmum um afkomu einstaklinga miðað við aldur, kyn og starfsaldur. Hins vegar var reiknað út hvað kæmi út ef reiknað væri vegið meðaltal af öllum sem í hópnum eru. Til grundvallar líkindadreifingunni sem miðað er við er lögð reynsla undanfarinna ára. Vissulega hlýtur slíkt mat þó ætíð að vera mjög huglægt þegar fjallað er um störf sem aðeins fáir gegna eins og við á um alla framantalda, hvað þá þegar um er að ræða störf sem aðeins einn skipar hverju sinni eins og við á um forseta og forsætisráðherra. Til þess að fá hugmynd um hve mikil áhrif vigtin hefur er birt bæði vegið meðaltal reiknað með þessum hætti og einfalt meðaltal.

Metin var heildarbreyting á kjörum þar sem litið er til launa og nauðsynlegs iðgjalds til lífeyrissjóðs. Það er öllum þessum sameiginlegt að eftirlaunaréttindi þeirra eru í engu sambengi við það iðgjald sem greitt er í lífeyrissjóðinn. Áður greiddu flestir þessara hópa 4% iðgjald til lífeyrissjóðs en það er nú hækkað í 5%. Ekki verður séð að forseti hafi greitt í lífeyrissjóð fram að þessu, en hann greiðir nú 5% eftir að lögin tóku gildi. Útreikningarnir sýna hve mikið laun þyrftu að lækka eða hækka til þess að menn væru jafnsettir eftir breytinguna. Á töflunum sést að þetta sveiflast mikið eftir aldri og starfsaldri, en minna eftir kyni. Þess vegna er mikilvægt að líta á vegið meðaltal.

Tryggingafræðilegar forsendur eru þær sömu og gert er við úttekt á lífeyrisskuldbindingum vegna alþingismanna, ráðherra og annarra sem þeirra sem frumvarpið tekur til. Núvirt er miðað við 2% ávöxtun, en það er í samræmi við reglur Félag Íslenskra tryggingastærðfræðinga um núvirðingu þegar réttindin miðast við laun eftirmanna. Miðað er við dánarlíkur árána 1996-2000 og danskar örorkulíkur.

Uppbygging á töflum

Fyrst er gefin sundurliðun á helstu niðurstöðum eftir kyni og svo samantekt. Allar stéttir eiga það sameiginlegt að hafa fleiri karla en konur til þessa og eru prósentuforsendur um kynjahlutföll gefnar á eftir hverjum dálki. Þar er til dæmis gert ráð fyrir að 25% líkur séu á því að forsætisráðherra verði kona, en enginn þeirra 24 sem þegar hafa gegnt embættinu er kona, né heldur sá sem boðað er að taki við á næsta hausti.

Fyrst er tilgreindur aldur í starfsbyrjun, starfstími, biðlaunatími og núvirt brúttólaun sem menn vinna sér inn á þessum tíma miðað við 100 krónu laun á mánuði. Næsti rammi gefur leyfilegan eftirlaunaaldur og réttindi samkvæmt nýju lögnum sem og núvirta skuldbindingu og nauðsynlega iðgjaldaprósentu miðað við núverandi lög. Næsti rammi greini öll sömu atriði miðað við fyrri lög. Þriðji síðasti dálkur sýnir svo viðbót eða skerðingu skv. frumvarpinu. Niðurstaðan er sú tala sem þyrfti að skerða núverandi laun (mínustala) eða bæta við núverandi laun (plústala) til þess að menn væru jafnsettir fyrir og eftir breytinguna á lögnum. Síðustu tveir dálkarnir eru svo til þess að reikna út vegið meðaltal. Næstsíðasti dálkurinn gefur vigtina sem hverjum flokki um sig er gefin og summa hans er 100%. Loks er dálkurinn *vegið meðaltal* og summa hans gefur vegið meðaltal af kjarabreytingaprósentunum í 3. síðasta dálki.

Neðst í töflunni er borið saman vegið og einfalt meðaltal í töflunni og munurinn á því gefur nokkra hugmynd um mikilvægi þess að nota vigtir. Í sumum tilvikum breytir það litlu en öðrum miklu meiru.

Niðurstöður

Miðað við þessa útreikninga eru helstu niðurstöður sem hér segir:


Samandregnar niðurstöður

	<i>Vegið meðaltal</i>	<i>Hreint meðaltal</i>
Forseti	4%	4%
Forsætisráðherra	-27%	-18%
Ráðherra	-4%	-8%
Alþingismaður	1%	3%
Hæstaréttardómari	-16%	-27%

Á þessu sést að breytingarnar hafa langmest áhrif á embætti forsætisráðherra, en kjör hans þyrfti að skerða um 27% til þess að hann yrði jafnsettur og áður. Það var eitt af yfirlýstum markmiðum frumvarpsins að bæta eftirlaunarétt forsætisráðherrans og jafna kjör hans og forseta að þessu leyti. Hins vegar kann það að koma meira á óvart hve miklar breytingar frumvarpið hefur á kjör hæstaréttardómara. Í útreikningunum er miðað við að þeir velji að fá lausn frá störfum eins og allir dómara hafa gert mörg undanfarin ár. Þessi aðferð við starflok er að margra mati útúrsmúningur á lagaákvæðum en engu að síður raunveruleikinn. Aðrir hópar breytast mun minna sem sjá má. Breytingin á kjörum

forsetans er að langmestu leyti tilkomin af því að hann greiðir nú iðgjald í lífeyrissjóð en gerði ekki áður.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Benedikt Jóhannesson'. The signature is fluid and cursive, with a large initial 'B' and a long horizontal stroke at the end.

Benedikt Jóhannesson (Ph. D.)

Forseti kona

Aldur í starfsbyrjun	Starfstími	Biðlauna tími	Brúttólaun	Eftirlauna aldur nú	Réttindi nú	Skuldbinding nú	Nauðsynlegt lögjald nú	Eftirlauna aldur var	Réttindi voru	Skuldbinding var	Nauðsynlegt lögjald var	Viðbót eða skerðing	Vog	Vegjó meðaltal
30	4	0,5	4.294	34,5	60%	17.013	396%	34,5	60%	17.090	398%	1,4%	0%	0,0%
30	8	0,5	7.788	38,5	70%	17.394	223%	38,5	70%	17.485	224%	1,9%	0%	0,0%
30	12	0,5	10.997	42,5	80%	17.294	157%	42,5	80%	17.398	158%	2,4%	0%	0,0%
30	16	0,5	13.936	46,5	80%	14.917	107%	46,5	80%	15.020	108%	2,8%	0%	0,0%
30	20	0,5	16.614	50,5	80%	12.733	77%	50,5	80%	12.836	77%	3,3%	0%	0,0%
30	24	0,5	19.039	54,5	80%	10.733	56%	54,5	80%	10.836	57%	3,7%	0%	0,0%
40	4	0,5	4.283	44,5	60%	14.745	344%	44,5	60%	14.834	346%	1,6%	3%	0,0%
40	8	0,5	7.747	48,5	70%	14.759	191%	48,5	70%	14.862	192%	2,2%	8%	0,2%
40	12	0,5	10.894	52,5	80%	14.304	131%	52,5	80%	14.422	132%	2,7%	3%	0,1%
40	16	0,5	13.727	56,5	80%	11.962	87%	56,5	80%	12.079	88%	3,2%	3%	0,1%
40	20	0,5	16.236	60,5	80%	9.832	61%	60,5	80%	9.948	61%	3,7%	1%	0,0%
40	24	0,5	18.400	64,5	80%	7.910	43%	64,5	80%	8.025	44%	4,1%	1%	0,0%
50	4	0,5	4.248	54,5	60%	12.060	284%	54,5	60%	12.155	286%	1,9%	10%	0,2%
50	8	0,5	7.603	58,5	70%	11.656	153%	58,5	70%	11.766	155%	2,6%	12%	0,3%
50	12	0,5	10.541	62,5	80%	10.818	103%	62,5	80%	10.943	104%	3,1%	18%	0,6%
50	16	0,5	13.026	66,5	80%	8.575	66%	66,5	80%	8.699	67%	3,7%	19%	0,7%
50	20	0,5	15.008	70,5	80%	6.592	44%	70,5	80%	6.714	45%	4,2%	5%	0,2%
50	24	0,5	16.440	74,5	80%	4.880	30%	74,5	80%	5.001	30%	4,6%	3%	0,1%
60	4	0,5	4.122	64,5	60%	8.980	218%	64,5	60%	9.071	220%	2,3%	8%	0,2%
60	8	0,5	7.116	68,5	70%	8.147	114%	68,5	70%	8.251	116%	3,1%	5%	0,2%
60	12	0,5	9.403	72,5	80%	6.976	74%	72,5	80%	7.093	75%	3,7%	1%	0,0%
60	16	0,5	10.940	76,5	80%	4.998	46%	76,5	80%	5.113	47%	4,3%	0%	0,0%
60	20	0,5	11.774	80,5	80%	3.394	29%	80,5	80%	3.507	30%	4,8%	0%	0,0%
60	24	0,5	12.091	84,5	80%	2.185	18%	84,5	80%	2.297	19%	5,2%	0%	0,0%
												3,2%	100%	3,0%

Ævilangur makalfeyrir lækkar úr 60% í 50% af eftirlaunum forseta

	Vegjó	Einfalt
Meðaltal	3,0%	3,2%

Yfirlit um kjarabót eða -skerðingu skv. lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara í desember 2003

Sundurliðaðar niðurstöður

	Vegló meðaltal	Hreint meðaltal	Kynja- vog
Forseti kona	3,0%	3,2%	25%
Forseti karl	4,1%	4,2%	75%
Forsætisráðherra kona	-30,0%	-21,0%	25%
Forsætisráðherra karl	-25,6%	-17,6%	75%
Ráðherra kona	-8,3%	-10,4%	30%
Ráðherra karl	-2,5%	-6,4%	70%
Alþingismaður kona	-1,6%	-0,1%	40%
Alþingismaður karl	2,9%	4,7%	60%
Hæstaréttardómari kona, eftirlaun	-24,6%	-23,1%	25%
Hæstaréttardómari karl, eftirlaun	-20,4%	-19,0%	75%
Hæstaréttardómari kona, lausn	-13,1%	-25,2%	25%
Hæstaréttardómari karl, lausn	-17,2%	-27,8%	75%

Samandregnar niðurstöður

	Vegló meðaltal	Hreint meðaltal
Forseti	4%	4%
Forsætisráðherra	-27%	-18%
Ráðherra	-4%	-6%
Alþingismaður	1%	3%
Hæstaréttardómari	-16%	-27%

Forseti karl

Aldur í starfsbyrjun	Starfstími	Biðlauna tími	Brúttólaun	Eftirlauna aldur nú	Réttindi nú	Skuldbinding nú	Nauðsynlegt iðgjald nú	Eftirlauna aldur var	Réttindi voru	Skuldbinding var	Nauðsynlegt iðgjald var	Viðbót eða skerðing	Vog	Vegló meðaltal
30	4	0,5	4.291	34,5	60%	16.755	391%	34,5	60%	16.963	395%	2,0%	0%	0,0%
30	8	0,5	7.778	38,5	70%	17.102	220%	38,5	70%	17.343	223%	2,6%	0%	0,0%
30	12	0,5	10.976	42,5	80%	16.975	155%	42,5	80%	17.251	157%	3,0%	0%	0,0%
30	16	0,5	13.902	46,5	80%	14.617	105%	46,5	80%	14.893	107%	3,5%	0%	0,0%
30	20	0,5	16.568	50,5	80%	12.458	75%	50,5	80%	12.733	77%	3,9%	0%	0,0%
30	24	0,5	18.980	54,5	80%	10.490	55%	54,5	80%	10.765	57%	4,3%	0%	0,0%
40	4	0,5	4.281	44,5	60%	14.501	339%	44,5	60%	14.742	344%	2,5%	3%	0,1%
40	8	0,5	7.739	48,5	70%	14.485	187%	48,5	70%	14.766	191%	3,1%	8%	0,2%
40	12	0,5	10.880	52,5	80%	14.012	129%	52,5	80%	14.333	132%	3,6%	3%	0,1%
40	16	0,5	13.707	56,5	80%	11.702	85%	56,5	80%	12.023	88%	4,1%	3%	0,1%
40	20	0,5	16.212	60,5	80%	9.620	59%	60,5	80%	9.939	61%	4,5%	1%	0,0%
40	24	0,5	18.378	64,5	80%	7.766	42%	64,5	80%	8.084	44%	4,9%	1%	0,0%
50	4	0,5	4.247	54,5	60%	11.832	279%	54,5	60%	12.105	285%	3,1%	10%	0,3%
50	8	0,5	7.602	58,5	70%	11.414	150%	58,5	70%	11.732	154%	3,7%	12%	0,4%
50	12	0,5	10.544	62,5	80%	10.593	100%	62,5	80%	10.956	104%	4,3%	18%	0,8%
50	16	0,5	13.041	66,5	80%	8.434	65%	66,5	80%	8.795	67%	4,9%	19%	0,9%
50	20	0,5	15.050	70,5	80%	6.577	44%	70,5	80%	6.935	46%	5,3%	5%	0,3%
50	24	0,5	16.533	74,5	80%	5.037	30%	74,5	80%	5.393	33%	5,7%	3%	0,2%
60	4	0,5	4.129	64,5	60%	8.822	214%	64,5	60%	9.114	221%	3,9%	8%	0,3%
60	8	0,5	7.144	68,5	70%	8.035	112%	68,5	70%	8.373	117%	4,7%	5%	0,2%
60	12	0,5	9.481	72,5	80%	6.992	74%	72,5	80%	7.375	78%	5,4%	1%	0,1%
60	16	0,5	11.101	76,5	80%	5.229	47%	76,5	80%	5.609	51%	5,9%	0%	0,0%
60	20	0,5	12.038	80,5	80%	3.898	32%	80,5	80%	4.275	36%	6,4%	0%	0,0%
60	24	0,5	12.443	84,5	80%	2.988	24%	84,5	80%	3.363	27%	6,7%	0%	0,0%
												4,2%	100%	4,1%

Ævilangur makalífeyrir lækkar úr 60% í 50% af eftirlaunum forseta

	Vegló	Einfalt
Meðaltal	4,1%	4,2%

Ráðherra kona

Aldur í starfsbyrjun	Starfstími	Biðlauna tími	Brúttólaun	Eftirlauna aldur nú	Réttindi nú	Skuldbinding nú	Nauðsynlegt lögjald nú	Eftirlauna aldur var	Réttindi voru	Skuldbinding var	Nauðsynlegt lögjald var	Viðbót eða skerðing	Vog	Vegib meðaltal
30	4	0,5	4.294	65	27%	2.133	50%	65	24%	2.156	50%	1,1%	1%	0,0%
30	8	0,5	7.788	58	51%	5.850	75%	65	48%	4.077	52%	-12,8%	1%	-0,1%
30	12	0,5	10.997	55	70%	9.252	84%	65	50%	4.266	39%	-24,8%	1%	-0,2%
30	16	0,5	13.936	55	70%	9.281	87%	65	50%	4.302	31%	-21,5%	1%	-0,1%
30	20	0,5	16.614	55	70%	9.309	56%	65	50%	4.345	26%	-19,1%	1%	-0,1%
30	24	0,5	19.039	55	70%	9.326	49%	65	50%	4.396	23%	-17,3%	0%	0,0%
40	4	0,5	4.283	65	27%	2.605	61%	65	24%	2.612	61%	0,7%	25%	0,2%
40	8	0,5	7.747	58	51%	7.154	92%	65	48%	4.974	64%	-14,5%	10%	-1,4%
40	12	0,5	10.894	55	70%	11.302	104%	65	50%	5.228	48%	-27,6%	10%	-2,8%
40	16	0,5	13.727	58,5	70%	10.596	77%	65	50%	5.294	39%	-21,8%	5%	-1,1%
40	20	0,5	16.236	60,5	70%	8.839	54%	65	50%	5.380	33%	-13,7%	3%	-0,4%
40	24	0,5	18.400	64,5	70%	7.324	40%	65	50%	5.403	29%	-7,0%	1%	-0,1%
50	4	0,5	4.248	65	27%	3.200	75%	65	24%	3.165	75%	0,1%	20%	0,0%
50	8	0,5	7.603	58,5	51%	8.550	112%	65	48%	6.091	80%	-15,1%	8%	-1,2%
50	12	0,5	10.541	62,5	70%	9.678	92%	65	50%	6.405	61%	-16,1%	4%	-0,6%
50	16	0,5	13.026	66,5	70%	7.939	61%	66,5	50%	5.991	46%	-8,9%	1%	-0,1%
50	20	0,5	15.008	70,5	70%	6.551	44%	70,5	50%	5.000	33%	-6,7%	0%	0,0%
50	24	0,5	16.440	74,5	70%	4.220	26%	74,5	50%	3.334	20%	-3,6%	0%	0,0%
60	4	0,5	4.122	84,5	27%	4.065	99%	65	24%	3.821	93%	-2,5%	5%	-0,1%
60	8	0,5	7.116	88,5	51%	6.151	86%	68,5	48%	6.098	86%	0,1%	3%	0,0%
60	12	0,5	9.403	72,5	70%	6.061	64%	72,5	50%	4.638	49%	-8,9%	1%	-0,1%
60	16	0,5	10.940	76,5	70%	4.316	39%	76,5	50%	3.392	31%	-5,5%	0%	0,0%
60	20	0,5	11.774	80,5	70%	2.902	25%	80,5	50%	2.381	20%	-2,9%	0%	0,0%
60	24	0,5	12.091	84,5	70%	1.838	15%	84,5	50%	1.621	13%	-0,7%	0%	0,0%
												-10,4%	100%	-8,3%

	Vegib	Einfalt
Meðaltal	-8,3%	-10,4%

Makaréttur er núna 50% af réttindum ráðherra en voru 20% + 50% af réttindum ráðherra.

Forsætisráðherra kona

Aldur í starfsbyrjun	Starfstími	Biðlauna tími	Brúttólaun	Eftirlauna aldur nú	Réttindi nú	Skuldbinding nú	Nauðsynlegt löggjald nú	Eftirlauna aldur var	Réttindi voru	Skuldbinding var	Nauðsynlegt löggjald var	Viðbót eða skerðing	Vog	Vegjó meðaltal
30	4	0,5	4.294	65	60%	4.740	110%	65	24%	2.156	50%	-28,8%	1%	-0,3%
30	8	0,5	7.788	58	70%	8.030	103%	65	48%	4.077	52%	-25,1%	1%	-0,3%
30	12	0,5	10.997	55	80%	10.573	96%	65	50%	4.266	39%	-29,5%	1%	-0,3%
30	16	0,5	13.936	55	80%	10.607	76%	65	50%	4.302	31%	-25,9%	1%	-0,1%
30	20	0,5	16.614	55	80%	10.638	64%	65	50%	4.345	26%	-23,2%	1%	-0,1%
30	24	0,5	19.039	55	80%	10.659	56%	65	50%	4.396	23%	-21,1%	0%	0,0%
40	4	0,5	4.283	65	60%	5.789	135%	65	24%	2.612	61%	-31,8%	25%	-7,9%
40	8	0,5	7.747	58	70%	9.820	127%	65	48%	4.974	64%	-27,8%	10%	-2,8%
40	12	0,5	10.894	55	80%	12.917	119%	65	50%	5.228	48%	-32,6%	10%	-3,3%
40	16	0,5	13.727	56,5	80%	12.110	88%	65	50%	5.294	39%	-26,6%	5%	-1,3%
40	20	0,5	16.236	60,5	80%	10.102	62%	65	50%	5.360	33%	-17,9%	3%	-0,5%
40	24	0,5	18.400	64,5	80%	8.370	45%	65	50%	5.403	29%	-10,8%	1%	-0,1%
50	4	0,5	4.248	65	60%	7.111	167%	65	24%	3.165	75%	-35,0%	20%	-7,0%
50	8	0,5	7.603	58,5	70%	11.735	154%	65	48%	6.091	80%	-29,4%	8%	-2,3%
50	12	0,5	10.541	62,5	80%	11.061	105%	65	50%	6.405	61%	-21,6%	4%	-0,9%
50	16	0,5	13.026	66,5	80%	9.073	70%	66,5	50%	5.991	46%	-13,8%	1%	-0,1%
50	20	0,5	15.008	70,5	80%	7.487	50%	70,5	50%	5.000	33%	-10,7%	0%	0,0%
50	24	0,5	16.440	74,5	80%	4.823	29%	74,5	50%	3.334	20%	-6,5%	0%	0,0%
60	4	0,5	4.122	64,5	60%	9.033	219%	65	24%	3.821	93%	-39,9%	5%	-2,0%
60	8	0,5	7.116	68,5	70%	8.443	119%	68,5	48%	6.098	86%	-15,0%	3%	-0,4%
60	12	0,5	9.403	72,5	80%	6.927	74%	72,5	50%	4.638	49%	-13,8%	1%	-0,1%
60	16	0,5	10.940	76,5	80%	4.933	45%	76,5	50%	3.392	31%	-9,3%	0%	0,0%
60	20	0,5	11.774	80,5	80%	3.316	28%	80,5	50%	2.381	20%	-5,6%	0%	0,0%
60	24	0,5	12.091	84,5	80%	2.101	17%	84,5	50%	1.621	13%	-2,6%	0%	0,0%
												-21,0%	100%	-30,0%

Núna eru réttindi forsætisráðherra miðuð við þingfararkaup + laun forsætisráðherra en áður var miðuð við laun forsætisráðherra.

Þá fékk ráðherrann einnig eftirlaun sem alþingismaður, ef slíkur réttur var til staðar.

Makaréttur er núna 50% af réttindum ráðherra en voru 20% + 50% af réttindum ráðherra

	Vegjó	Einfalt
Meðaltal	-30,0%	-21,0%

Forsætisráðherra karl

Aldur í starfsbyrjun	Starfstími	Biðlauna tími	Brúttólaun	Eftirlauna aldur nú	Réttindi nú	Skuldbinding nú	Nauðsynlegt lögjald nú	Eftirlauna aldur var	Réttindi voru	Skuldbinding var	Nauðsynlegt lögjald var	Viðbót eða skerðing	Vog	Vegló meðaltal
30	4	0,5	4.291	65	60%	4.652	108%	65	24%	2.552	59%	-23,6%	1%	-0,2%
30	8	0,5	7.778	58	70%	7.829	101%	65	48%	4.429	57%	-21,8%	1%	-0,2%
30	12	0,5	10.976	55	80%	10.304	94%	65	50%	4.604	42%	-27,0%	1%	-0,3%
30	16	0,5	13.902	55	80%	10.326	74%	65	50%	4.628	33%	-23,6%	1%	-0,1%
30	20	0,5	16.568	55	80%	10.347	62%	65	50%	4.656	28%	-21,2%	1%	-0,1%
30	24	0,5	18.980	55	80%	10.361	55%	65	50%	4.690	25%	-19,3%	0%	0,0%
40	4	0,5	4.281	65	60%	5.671	132%	65	24%	3.073	72%	-26,2%	25%	-6,8%
40	8	0,5	7.739	58	70%	9.576	124%	65	48%	5.373	69%	-24,4%	10%	-2,4%
40	12	0,5	10.880	55	80%	12.605	116%	65	50%	5.601	51%	-30,1%	10%	-3,0%
40	16	0,5	13.707	56,5	80%	11.796	86%	65	50%	5.645	41%	-24,2%	5%	-1,2%
40	20	0,5	16.212	60,5	80%	9.791	60%	65	50%	5.688	35%	-15,6%	3%	-0,5%
40	24	0,5	18.378	64,5	80%	8.059	44%	65	50%	5.716	31%	-8,5%	1%	-0,1%
50	4	0,5	4.247	65	60%	6.945	164%	65	24%	3.692	87%	-29,2%	20%	-5,8%
50	8	0,5	7.802	58,5	70%	11.462	151%	65	48%	6.524	86%	-26,0%	8%	-2,1%
50	12	0,5	10.544	62,5	80%	10.745	102%	65	50%	6.806	65%	-18,5%	4%	-0,7%
50	16	0,5	13.041	66,5	80%	8.748	67%	66,5	50%	6.381	49%	-10,6%	1%	-0,1%
50	20	0,5	15.050	70,5	80%	7.140	47%	70,5	50%	5.376	36%	-7,5%	0%	0,0%
50	24	0,5	16.533	74,5	80%	4.967	30%	74,5	50%	4.018	24%	-3,8%	0%	0,0%
60	4	0,5	4.129	64,5	60%	8.850	214%	65	24%	4.417	107%	-34,4%	5%	-1,7%
60	8	0,5	7.144	68,5	70%	8.214	115%	68,5	48%	6.610	93%	-10,2%	3%	-0,3%
60	12	0,5	9.481	72,5	80%	6.933	73%	72,5	50%	5.310	56%	-9,6%	1%	-0,1%
60	16	0,5	11.101	76,5	80%	5.145	46%	76,5	50%	4.193	38%	-5,4%	0%	0,0%
60	20	0,5	12.038	80,5	80%	3.792	32%	80,5	50%	3.348	28%	-2,1%	0%	0,0%
60	24	0,5	12.443	84,5	80%	2.868	23%	84,5	50%	2.770	22%	0,2%	0%	0,0%
												-17,6%	100%	-25,6%

Núna eru réttindi forsætisráðherra miðuð við þingfararkaup + laun forsætisráðherra en áður var miðuð við laun forsætisráðherra.

Þá fékk ráðherrann einnig eftirlaun sem alþingismaður, ef slíkur réttur var til staðar.

Makaréttur er núna 50% af réttindum ráðherra en voru 20% + 50% af réttindum ráðherra

	Vegló	Einfalt
Meðaltal	-25,6%	-17,6%

Ráðherra karl

Aldur í starfabyrjun	Starfstími	Bíðlauna tími	Brúttólaun	Eftirlauna aldur nú	Réttindi nú	Skuldbinding nú	Nauðsynlegt lögjald nú	Eftirlauna aldur var	Réttindi voru	Skuldbinding var	Nauðsynlegt lögjald var	Viðbót eða skerðing	Vog	Vegjó meðaltal
30	4	0,5	4.291	65	27%	2.094	49%	65	24%	2.552	59%	8,1%	1%	0,1%
30	8	0,5	7.778	58	51%	5.704	73%	65	48%	4.429	57%	-9,1%	1%	-0,1%
30	12	0,5	10.976	55	70%	9.016	82%	65	50%	4.604	42%	-22,1%	1%	-0,2%
30	16	0,5	13.902	55	70%	9.035	65%	65	50%	4.628	33%	-19,2%	1%	-0,1%
30	20	0,5	16.568	55	70%	9.054	55%	65	50%	4.656	28%	-17,1%	1%	-0,1%
30	24	0,5	18.980	55	70%	9.066	48%	65	50%	4.690	25%	-15,4%	0%	0,0%
40	4	0,5	4.281	65	27%	2.552	60%	65	24%	3.073	72%	8,5%	25%	2,1%
40	8	0,5	7.739	58	51%	6.977	90%	65	48%	5.373	69%	-10,7%	10%	-1,1%
40	12	0,5	10.880	55	70%	11.029	101%	65	50%	5.601	51%	-24,9%	10%	-2,5%
40	16	0,5	13.707	58,5	70%	10.321	75%	65	50%	5.645	41%	-19,4%	5%	-1,0%
40	20	0,5	16.212	60,5	70%	8.587	53%	65	50%	5.688	35%	-11,3%	3%	-0,3%
40	24	0,5	18.378	64,5	70%	7.051	38%	65	50%	5.718	31%	-4,7%	1%	0,0%
50	4	0,5	4.247	65	27%	3.125	74%	65	24%	3.692	87%	8,5%	20%	1,7%
50	8	0,5	7.602	58,5	51%	8.351	110%	65	48%	6.524	86%	-11,2%	8%	-0,9%
50	12	0,5	10.544	62,5	70%	9.402	89%	65	50%	6.806	65%	-12,8%	4%	-0,5%
50	16	0,5	13.041	66,5	70%	7.654	59%	66,5	50%	6.381	49%	-5,7%	1%	-0,1%
50	20	0,5	15.050	70,5	70%	6.247	42%	70,5	50%	5.376	36%	-3,5%	0%	0,0%
50	24	0,5	16.533	74,5	70%	4.346	26%	74,5	50%	4.018	24%	-0,8%	0%	0,0%
60	4	0,5	4.129	64,5	27%	3.983	96%	65	24%	4.417	107%	6,0%	5%	0,3%
60	8	0,5	7.144	68,5	51%	5.984	84%	68,5	48%	6.610	93%	5,5%	3%	0,2%
60	12	0,5	9.481	72,5	70%	6.066	64%	72,5	50%	5.310	56%	-4,4%	1%	0,0%
60	16	0,5	11.101	76,5	70%	4.502	41%	76,5	50%	4.193	38%	-1,3%	0%	0,0%
60	20	0,5	12.038	80,5	70%	3.318	28%	80,5	50%	3.348	28%	1,0%	0%	0,0%
60	24	0,5	12.443	84,5	70%	2.510	20%	84,5	50%	2.770	22%	2,7%	0%	0,0%
												-6,4%	100%	-2,5%

	Vegjó	Einfalt
Meðaltal	-2,5%	-6,4%

Makaréttur er núna 50% af réttindum ráðherra en voru 20% + 50% af réttindum ráðherra

Alþingismaður kona

Aldur í starfsbyrjun	Starfstími	Biðlauna tími	Brúttólaun	Eftirlauna aldur nú	Réttindi nú	Skuldbinding nú	Nauðsynlegt löggjald nú	Eftirlauna aldur var	Réttindi voru	Skuldbinding var	Nauðsynlegt löggjald var	Viðbót eða skerðing	Vog	Vegjó meðaltal
30	4	0,5	4.294	65	14%	1.066	25%	65	8,0%	892	21%	-2,6%	5%	-0,1%
30	8	0,5	7.788	65	26%	2.028	26%	65	25,0%	2.248	29%	3,2%	3%	0,1%
30	12	0,5	10.997	65	38%	3.004	27%	65	40,0%	3.465	32%	4,2%	5%	0,2%
30	16	0,5	13.936	60	50%	5.202	37%	65	51,7%	4.436	32%	-3,4%	5%	-0,2%
30	20	0,5	16.614	58	62%	7.149	43%	65	58,3%	5.026	30%	-8,5%	5%	-0,4%
30	24	0,5	19.039	56	70%	8.933	47%	65	68,0%	5.885	31%	-10,6%	8%	-0,8%
40	4	0,5	4.283	65	14%	1.303	30%	65	8,0%	1.068	25%	-3,6%	4%	-0,1%
40	8	0,5	7.747	65	26%	2.485	32%	65	25,0%	2.733	35%	3,3%	3%	0,1%
40	12	0,5	10.894	65	38%	3.698	34%	65	40,0%	4.241	39%	4,6%	2%	0,1%
40	16	0,5	13.727	60	50%	6.377	46%	65	51,7%	5.461	40%	-4,0%	7%	-0,3%
40	20	0,5	16.236	60,5	62%	7.766	48%	65	58,3%	6.204	38%	-6,0%	13%	-0,8%
40	24	0,5	18.400	64,5	70%	7.324	40%	64,5	68,0%	7.411	40%	1,1%	4%	0,0%
50	4	0,5	4.248	65	14%	1.600	38%	65	8,0%	1.268	30%	-5,1%	3%	-0,2%
50	8	0,5	7.603	65	26%	3.066	40%	65	25,0%	3.326	44%	3,3%	9%	0,3%
50	12	0,5	10.541	62,5	38%	5.185	49%	62,5	40,0%	5.851	56%	5,1%	9%	0,5%
50	16	0,5	13.026	66,5	50%	5.614	43%	66,5	51,7%	6.180	47%	3,9%	8%	0,3%
50	20	0,5	15.008	70,5	62%	5.756	38%	70,5	58,3%	5.780	39%	0,9%	0%	0,0%
50	24	0,5	16.440	74,5	70%	4.220	26%	74,5	68,0%	4.420	27%	1,8%	0%	0,0%
60	4	0,5	4.122	64,5	14%	2.033	49%	64,5	8,0%	1.513	37%	-8,0%	4%	-0,3%
60	8	0,5	7.116	68,5	26%	3.078	43%	68,5	25,0%	3.324	47%	3,2%	3%	0,1%
60	12	0,5	9.403	72,5	38%	3.247	35%	72,5	40,0%	3.772	40%	5,1%	0%	0,0%
60	16	0,5	10.940	76,5	50%	3.052	28%	76,5	51,7%	3.494	32%	4,1%	0%	0,0%
60	20	0,5	11.774	80,5	62%	2.550	22%	80,5	58,3%	2.727	23%	2,1%	0%	0,0%
60	24	0,5	12.091	84,5	70%	1.838	15%	84,5	68,0%	2.094	17%	2,8%	0%	0,0%
												-0,1%	100%	-1,6%

	Vegjó	Einfalt
Meðaltal	-1,6%	-0,1%

Makaréttur er núna 50% af réttindum alþingismanns en voru 20% + 50% af réttindum

Alþingismaður karl

Aldur í starfsbyrjun	Starfstími	Biðlauna tími	Brúttólaun	Eftirlauna aldur nú	Réttindi nú	Skuldbinding nú	Nauðsynlegt lögjald nú	Eftirlauna aldur var	Réttindi voru	Skuldbinding var	Nauðsynlegt lögjald var	Viðbót eða skerðing	Vog	Vegló meðaltal
30	4	0,5	4.291	65	14%	1.047	24%	65	8,0%	1.311	31%	6,0%	5%	0,3%
30	8	0,5	7.778	65	28%	1.986	26%	65	25,0%	2.638	34%	7,8%	3%	0,2%
30	12	0,5	10.976	65	38%	2.935	27%	65	40,0%	3.822	35%	7,5%	5%	0,4%
30	16	0,5	13.902	60	50%	5.055	36%	65	51,7%	4.759	34%	-0,9%	5%	0,0%
30	20	0,5	16.568	58	62%	6.940	42%	65	58,3%	5.317	32%	-6,4%	5%	-0,3%
30	24	0,5	18.980	56	70%	8.675	46%	65	68,0%	8.129	32%	-8,8%	8%	-0,7%
40	4	0,5	4.281	65	14%	1.276	30%	65	8,0%	1.561	36%	6,1%	4%	0,2%
40	8	0,5	7.739	65	26%	2.427	31%	65	25,0%	3.184	41%	8,5%	3%	0,3%
40	12	0,5	10.880	65	38%	3.597	33%	65	40,0%	4.642	43%	8,3%	2%	0,2%
40	16	0,5	13.707	60	50%	6.191	45%	65	51,7%	5.806	42%	-1,3%	7%	-0,1%
40	20	0,5	16.212	60,5	62%	7.527	46%	65	58,3%	6.502	40%	-3,8%	13%	-0,5%
40	24	0,5	18.378	64,5	70%	7.051	38%	64,5	68,0%	7.655	42%	3,2%	4%	0,1%
50	4	0,5	4.247	65	14%	1.563	37%	65	8,0%	1.840	43%	5,7%	3%	0,2%
50	8	0,5	7.802	65	26%	2.980	39%	65	25,0%	3.836	50%	9,1%	9%	0,8%
50	12	0,5	10.544	62,5	38%	5.037	48%	62,5	40,0%	6.286	60%	9,0%	9%	0,8%
50	16	0,5	13.041	66,5	50%	5.413	42%	60,5	51,7%	6.563	50%	7,2%	8%	0,6%
50	20	0,5	15.050	70,5	62%	5.489	36%	70,5	58,3%	8.120	41%	4,0%	0%	0,0%
50	24	0,5	16.533	74,5	70%	4.348	26%	74,5	68,0%	5.136	31%	4,8%	0%	0,0%
60	4	0,5	4.129	64,5	14%	1.991	48%	64,5	8,0%	2.157	52%	3,5%	4%	0,1%
60	8	0,5	7.144	68,5	26%	2.992	42%	68,5	25,0%	3.911	55%	10,1%	3%	0,3%
60	12	0,5	9.481	72,5	38%	3.250	34%	72,5	40,0%	4.444	47%	10,5%	0%	0,0%
60	16	0,5	11.101	76,5	50%	3.184	29%	76,5	51,7%	4.300	39%	8,9%	0%	0,0%
60	20	0,5	12.038	80,5	62%	2.915	24%	80,5	58,3%	3.743	31%	6,6%	0%	0,0%
60	24	0,5	12.443	84,5	70%	2.510	20%	84,5	68,0%	3.416	27%	7,2%	0%	0,0%
												4,7%	100%	2,9%

	Vegló	Einfalt
Meðaltal	2,9%	4,7%

Makaréttur er núna 50% af réttindum alþingismanns en voru 20% + 50% af réttindum

Hæstaréttardómari kona

Aldur í starfsbyrjun	Starfstími	Blöðlauna tími	Brúttólaun	Eftirlauna aldur nú	Réttindi nú	Skuldbinding nú	Nauðsynlegt lögjald nú	Eftirlauna aldur var	Réttindi voru	Skuldbinding var	Nauðsynlegt lögjald var	Viðbót eða skerðing	Vog	Vegjó meðaltal
30	4	0,5	4.294	65	27%	2.133	50%	65	9%	971	23%	-18,0%		0,0%
30	8	0,5	7.788	65	51%	4.055	52%	65	17%	1.812	21%	-20,7%		0,0%
30	12	0,5	10.997	60	75%	7.838	71%	65	25%	2.263	21%	-29,9%		0,0%
30	16	0,5	13.936	56	80%	10.146	73%	65	33%	2.928	21%	-30,3%		0,0%
30	20	0,5	16.614	55	80%	10.638	64%	65	41%	3.610	22%	-26,0%		0,0%
